

VIÐHORF OG FORDÓMAR

Aileen Soffía Svendsóttir, félagsliði

UM MIG

Útskrifaðist sem félagsliði 2004

Formaður Átaks frá 2009

Í stjórn Þroskahjálpar 2003 -2011

Starfsmaður Hagkaupa.

Stunda nám á framhaldsstigi í klassískum söng við
Söngskóla Sigurðar Demetz.

VIÐHORF

- Viðhorf eru skoðanir okkar og hugmyndir um lífið og tilveruna. Viðhorf er til dæmis okkar túlkun á aðstæðum.
- Neikvæð viðhorf eru oft byggð á vanþekkingu og fáfræði,
- Aukin fræðsla og sýnileiki geta stuðlað að jákvæðum viðhorfum.

JÁKVÆÐ VIÐHORF

- Allt er skemmtilegt
- Ég er frábær
- Ég ætla að gefa þessu tækifæri - prófa
- Ísland er best í heimi

NEIKVÆÐ VIÐHORF

- Mikið er leiðinlegt fólk hér
- Ég er ömurleg(ur)
- Það er ekkert að gera
- Betra að reyna þetta ekki

VIÐHORF

- Við erum hrædd við að segja okkar skoðun vegna þess að einhver annar telur sig vita hvað er okkur fyrir bestu og við lítum á okkur sem þiggjendur einhverrar þjónustu.
- Ég tel að þessi kerfishugsun stafi af því að fatlað fólk hefur ekki sagt sína skoðun og verið í því að berjast fyrir sínum réttindum en nú séu tímar að breytast.

NEIKVÆÐ VIÐHORF – Í GARÐ FATLAÐS FÓLKS

- Hvað hefur áhrif á það að fatlað fólk á stundum erfitt með að segja skoðun sína og hafa þannig eitthvað með líf sitt að gera?
- Hvað getur þú? Getur þú búið sjálf(ur)? Oft efast um að fólk með þroskahömlun geti verið sjálfstætt.

FORDÓMAR

- Toshiki Toma (2007) segir **fordóma** felast í því að taka einhverja staðhæfingu og líta á hana sem sjálfgefinn sannleika án þess að hugsa út í hvað liggur að baki henni.
- Dæmi: fólk með þroskahömlun eru börn að eilífu. Fólk með Downs heilkenni er alltaf svo hamingjusamt.

HÓPAGREINING

- Hópagreining er oft uppspretta fordóma.
- Fötluðu fólki er skipt í hópa t.d. fólk með Downs, einhverfu, þroskahömlun og fleira.
- Er verið að tala um hópa eða manneskjur?
- Við erum fyrst og fremst fólk sem að þarf aukin stuðning til þess að mæta hindrunum í samfélaginu,

FORDÓMAR

- Hvað finnst mér? Hef ég einhverja fordóma?
- Að þora að biðja um þjónustu, það er allt í lagi!

HVERNIG VINNUM VIÐ GEGN FORDÓMUM?

- Aukinn sýnileiki.
- Aukin þátttaka í samfélaginu.
- Lærum af reynslu hvers annars.
- Tökum meiri ábyrgð á eigin lífi.

MINN DRAUMUR

- Nýta reynslu mína af starfi, námi og félagsstörfum í því að vera ráðgafi í því að aðstoða fólk við að sækja sjálft rétt sinn
- Stofna eigið ráðgjafafyrirtæki með atvinnumál og réttindamál fatlaðra sem sérsvið, þannig að fatlaðir geti verið ráðgjafar, ekki bara þiggjendur ráðgjafarinnar.
- Eigið fyrirtæki? Mun eigið viðhorf eða fordómar annarra hindra mig? Vonandi ekki!